


Grunnmynd 2.hæð - fyrir breytingu

1:100




Grunnmynd 2.hæð - eftir breytingu

1:100

Byggingarlýsing:

Flúðaskóli, Langholtsvegi
845 Flúðum
Landeignanúmer: L166894
Staðgreinir: 8710-1-24100030

Verkefnið snýst um að endurnýja þak og loft í einni af byggingum skólans auk innanhúsbreytinga á efri hæð. Umrædd bygging er á tveimur hæðum, steinsteypt, byggð árið 1968.

Engar breytingar verða gerðar á stærð skólans né útliti.

Eldra þak er byggt upp með timburlangböndum sem hvíla á steyptum þverbitum. Timbur verður endurnýjað og þak klætt með steinullarsamlokueiningum og tveimur lögum af heilbræddum þakpappa. Þakkantur, rennur og niðurfallsrör verða endurnýjuð.

Innanhúsbreytingar verða samkvæmt teikningu. Kennaraaðstaða í norðurenda verður endurnýjuð og nýjum innréttingum komið upp. Auka skrifstofu verður komið fyrir í fremsta hluta rýmisins. Snyrtingar verða uppfærðar og þeim breytt, einnig verður útbúið fatahengi fyrir starfsfólk. Annar stigi af tveimur verður fjarlægður og honum lokað. Opnað verður á milli kennslurýma í norðurenda en felliveggur settur upp til að hægt sé að aðskilja rými. Allar hurðir verða endurnýjaðar og gluggar settir við hurðir inní kennslurými og skrifstofur. Hurðir verða með felliþröskuldi, plastlagðar í lit að vali verkkaupa, karmar án gerefta. Nýjir innveggir verða settir upp samkvæmt teikningu og hluti eldri veggja endurnýjaðir. Innveggir verða byggðir upp með blikkstoðum, einangraðir og klæddir gifsi.

Innveggir og hurðir skulu uppfylla hljóvistar- og brunakröfur.

Ný gólfefni, vínilparket, verður sett á öll gólf á hæðinni,
Niðurhengd kerfisloft verða sett í loft.

Loftræsting verður um opnanleg fög í gluggum, útsog verður aukalega úr snyrtingum.

Nýjar vatns og frárennslislagnir í verða tengdar eldri lögnum í byggingunni.
Raflagnir verða endurnýjaðar að hluta.

Breytingarnar hafa ekki áhrif á brunahólfun á hæðinni.???

Við breytingarnar skal allur frágangur, efni og smíði vera samkvæmt byggingarreglugerð. Byggingarvörur skulu uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til þeirra s.s. staðla, reglugerðir og lagaákvæða um CE-merktar byggingarvörur.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Hjaltason
Kt. 0709665579
Dags. 22.3.2024 14:14:59
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 22.3.2024 14:24:03
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 03.05.2023

Vistað 22.3.2024 13:03:22 Útprentun 13:03:43

| ÚTG. | DAGS. | ÚTGÁFUFERILL | HANNAÐ | TEIKN. | YFIRF. |
|---|---|---|---|---|---|



Lykilmynd

EFLA

# Flúðaskóli, Hrunamannahrepp

845 Flúðir

## Breyting á innra skipulagi 2. hæðar
## Grunnmyndir og skýringar

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | HANNAÐ: | ABH |
|---|---|---|---|
| 102472 | A2 | TEIKNAÐ: | ABH/GH/SSt |
| 02_0_02-01 | | YFIRFARIÐ: | ABH |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 22.03.2024 | 1:100 | A |

Hönnuður: Anne B. Hansen kt.270369-2439

Hönnunarstjóri:

T:\845\Flúðaskóli\00_Bygginganefndateikningar\102472-TEI-01-Flúðaskóli grunnmynd 2 hæð innréttingar- kennararými og fatahengi.dwg